

# Samningur milli Fjölbrautaskólans við Ármúla og Landspítala – háskólasjúkrahúss um verknám og starfsþjálfun nemenda í FÁ á starfsmenntabrautum

## 1. Inngangur

Aðilar samnings þessa eru Fjölbrautaskólinn við Ármúla/Heilbrigðisskólinn (FÁ) kt. 590182-0959 og Landspítali - háskólasjúkrahús (LSH) kt. 500300-2130.

Aðilar samningsins áforma að eiga samstarf um kennslu og leiðsögn nemenda á starfsmenntabrautum á heilbrigðisviði FÁ.

Ákvæði samningsins gilda um nám og þjálfun nemenda við FÁ sem sækja verknám og starfsþjálfun á LSH (sjá fylgiskjal 1). Í samningi þessum vísar verknám til ólaunaðs náms og starfsþjálfun til launaðrar þjálfunar, eins og fram kemur í námskrá FÁ. Reglur námsbrauta gilda um námið eftir því sem við á en ef þær reglur eru ósamrýmanlegar samningi þessum, gilda ákvæði samningsins.

## 2. Grundvöllur

Með samningi þessum tekur Skrifstofa kennslu, vísinda og þróunar (SKVP) að sér, fyrir hönd LSH, að sjá sjúkraliða- og lyfjatækninemum í verknámi fyrir námsplássum í samræmi við námskrár og óskir FÁ, eftir því sem kostur er hverju sinni (fylgiskjal 2). Jafnframt tekur SKVP að sér að veita upplýsingar um starfsþjálfunarpláss í samræmi við námskrár sem eru til reiðu fyrir nemendur í læknaritarnámi, nemendur í hjúkrunar- og móttökuritun, nemendur í sjúkraliðanámi og í framhaldsnámi sjúkraliða.

Á grundvelli samningsins eru gerðar verklagsreglur um einstaka þætti.

## 3. Umsjónaraðili/námsstjórn

FÁ hefur umsjón með náminu og annast umsýslu þess, þ.e. upplýsingagjöf til nemenda, tilkynningar, upplýsingar í kennsluskrá og annað (fylgiskjal 3). Við upphaf verknáms á LSH skal nemendum kynnt hvaða sameiginlegir skilmálar LSH og FÁ gilda um þátttöku þeirra í náminu (fylgiskjal 4).

## 4. Verknám á Landspítala - háskólasjúkrahúsi

LSH leitast við að veita þeim nemendum, sem FÁ óskar eftir að stundi verknám innan spítalans, aðstöðu til þess sem og aðgang að viðeigandi efniviði í samræmi við þær reglur sem um námið gilda. LSH leitast jafnframt við að veita nemendum, sem óska eftir að stunda starfsnám innan spítalans, aðstöðu til þess með sama hætti.

## 5. Fjárhagsleg samskipti

Laun til nemenda í starfsþjálfun (sjá fylgiskjal 1) eru greidd af LSH, enda eru gerðir ráðningarsamningar við nemendur. FÁ greiðir leiðbeinendum kennslulaun.

## 6. Þagnarskylda

Aðgangur nemenda að gögnum spítalans fellur í öllum tilvikum undir reglur LSH um aðgangsheimildir og aðrar reglur, sem þar eru í gildi. Öllum þeim sem að starfsnáminu koma er óheimilt að viðlagðri ábyrgð að skýra óviðkomandi aðilum frá atriðum er þeir fá vitneskju um, í námi, starfi eða við kennslu á LSH, og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða fyrirmælum kennara/yfirmanna eða eðli máls.

Kennslustjóri viðkomandi starfsmenntabrautar FÁ sér til þess að nemendur í verknámi skrifi undir þagnareid áður en verknám hefst á LSH (fylgiskjal 5). Nemendur í starfsþjálfun undirrita þagnareid um leið og þeir skrifa undir ráðningarsamning.

## 7. Réttindi og skyldur nemenda

Nemendur FÁ á starfsmenntabrautum, sem stunda verknám á LSH samkvæmt samningi þessum, hafa margvísleg réttindi og skyldur innan LSH meðan á námsdvöl stendur (sjá fylgiskjal 4). Nemendur í starfsþjálfun njóta réttinda í samræmi við ráðningarsamning.

## 8. Gildistími og uppsögn

Samningurinn gildir í 5 ár frá undirritun.

Aðilar samningsins geta á gildistímanum haft frumkvæði að breytingum á honum og skal það gert ef forsendur breytast að verulegu leyti.

Reykjavík, 12. janúar 2006

---

Gísli Ragnarsson  
skólameistari  
Fjölbrautaskólans við Ármúla

---

Magnús Pétursson  
forstjóri  
Landspítala - háskólasjúkrahúss